



LANDVERND

1969 | 2019 | 50 ÁRA

AFMÆLISRIT



Efnisyfirlit

Ávarp formanns – 50 ára Landvernd á besta aldri	3
FEE	5
Skólar á grænni grein, grænfáninn	6
Friðlýsingar: Ekki gera ekki neitt	9
Loftslagsáskorun: Framtíð okkar og komandi kynslóða er í húfi!	11
Verum fyrirmynd í loftslagsmálum	14
Landvernd til heilla í 50 ár	17
Vegið að þátttökurétti almennings	21
Teigsskógur og ströndin við Þorskafjörð	22
Leiðréttum mistök – friðlýsum Drangajökulsvíðerni	24
Sauðfjárrækt og sjálfbær landnýting	27
Rýrnun landkosta mestu hamfarir sem yfir þjóðina hafa gengið	28
Landvernd þekktustu umhverfisverndarsamtökin á Íslandi	30





Ávarp formanns

50 ára Landvernd á besta aldri

Landvernd hefur staðið vaktina í hálfra öld. Í upphafi lögðu samtökin áherslu á gróður- og jarðvegsvörnd. Jarðvegurinn á landinu okkar var þá að fjúka, við vorum að missa fótfestuna, sjálfan grundvöll lífsins. Sá vandi er minni í dag, en mikið er þó enn óunnið á þessu sviði.

Þegar samtökin voru stofnuð voru orð eins og mengun varla til í íslensku, hvað þá loftslagsvá og hamfarahlýnun, súrnun sjávar og plastmengun og plastagnir í umhverfinu. Landvernd starfar í takt við tímann; tekst á við þau viðfangsefni sem blasa við; bendir á það sem betur má fara í umhverfis- og náttúrvörnd og leggur fram hugmyndir að lausnum. Ný viðfangsefni koma því stöðugt á dagskrá samtakanna.

Sterkir hagsmunaaðilar og skammtíma gróðahyggi er helsta ógn náttúru landsins. Í baráttu við þau öfl skiptir úthald og vandaður rökstuðningur miklu máli. Eftir 50 ára starf má víst segja að Landvernd skortir hvorki úthald né rök. Eitt fyrsta verkefni Landverndar var baráttan við gróðureyðingu. Það verkefni er enn á dagskrá. Landvernd hóf baráttu fyrir aðgerðum gegn loftslagsvánni fyrir liðlega tveimur áratugum síðan og sú barátta stendur nú sem hæst.

Skilningur og þekking er forsenda góðra verka. Þess vegna hefur fræðsla verið og er enn megin stef í starfsemi Landverndar. Í Alviðru stofnuðu samtökin fyrsta náttúruskóla landsins sem starfaði um langt ára bil. Í dag leggur Landvernd áherslu á Grænfána-verkefnið fyrir skóla og vistheimt með þátttöku skóla og almennings.

Hin síðari ár hefur vörndun náttúrunnar í stærra samhengi verið vaxandi þáttur starfi samtakanna; gróður og dýr, landslag og víðerni, fossar, hraun, fjöll og jöklar. Samspil þessara þátta í náttúru landsins fyllir okkur þakklæti og lotningu. Vörndun náttúruarfans er eitt megin viðfangsefni Landverndar eins og kristallast í áherslu samtakanna um þessar mundir að koma í veg fyrir áformaða Hvalárvirkjun.

Landvernd telur að nú sé komið meira en nóg af framkvæmdum sem spilla verðætum náttúruarfi þjóðarinnar; náttúran er verðmætasti lífeyrissjóður komandi kynslóða.

Í dag standa yfir 6.000 félagar og 40 aðildarfélög að baki Landvernd. Það er traust undirstaða sem byggt verður á næstu árin. Vertu velkomin í hópinn.

Tryggvi Felixson
Formaður Landverndar 2019 - 2020



LANDVERND

1969 | 50 ÁRA
2019

Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands, er frjáls félagasamtök sem starfa að umhverfismálum til að vernda og bæta lífsgæðin í landinu. Hlutverk Landverndar er að standa vörð um íslenska náttúru og vera virkur þátttakandi í stefnumótun, fræðslu og upplýstri ákvarðanatöku í málum er varða landnotkun, auðlindir og umhverfi.


Innan Landverndar eru yfir 40 aðildarfélög um allt land en auk þess eru yfir 6000 skráðir félagar. Þetta afmælistímarit er gefið út á 50 ára afmælisdag Landverndar 25. október 2019.

Ábyrgðarmaður: Kristján Geir Gunnarsson. **Ljósmynd á forsíðu:** Strútsfoss í Strútsá.

Myndasmiður: Hjördís Hilmarsdóttir. **Prentun:** Guðjón Ó, vistvæn prensmiðja.

Prentun afmælistímarits Landverndar er Svansvottað.





Fyrsta fráveitulögn
í Reykjavík

• 1902

Grænt rafmagn
úr Elliðaánum

• 1921

Helmingur heimila í Reykjavík
komin með baðherbergi

• 1940

Fyrstu heitu pottarnir
við sundlaug í Reykjavík

• 1961

• 1909

Vatnsveita úr Heiðmörk

• 1930

Fyrsta húsið í borginni
fær hitaveitu

• 1951

Rafveitufólk hefur
skógrækt í Elliðaárdal

• 2019

Öll heimili í þéttbýli höfuðborgar-
svæðisins tengd Ljósleiðaranum

• 2012

Fyrstu CO₂ sameindinni breytt
í grjót við Hellisheiðarvirkjun

• 2000


Nauthólsvík opnuð á ný
eftir fráveituumbætur

• Grunnur að lífsgæðum




FEE

Foundation for Environmental Education (FEE) eru alþjóðleg samtök sem stofnuð voru árið 1981. Félagasamtök í 76 löndum um allan heim eiga aðild að FEE. Markmið samtakanna er að stuðla að sjálfbærni í gegnum menntun. Landvernd gerðist aðili að samtökunum árið 2000 og starfrækir nú eitt af fimm menntaverkefnum FEE, verkefnið Skólar á grænni grein (Grænfánann) frá 2001. Á árunum 2002 til 2018 starfrækti Landvernd einnig Bláfánann og árin 2015 til 2017 Græna lykilinn. Horfið var frá þeim verkefnum vegna anna og skorts á fjármagni. Önnur verkefni FEE sem ekki eru starfrækt hér á landi eru Skógarverkefni fyrir skóla og Ungir umhverfisblaðamenn en Landvernd hefur tekið upp það síðarnefnda á þessu ári.



Norræna húsið fagnar 50 ára afmæli Landverndar

Stuðlum saman að sjálfbærri framtíð



 **Norræna húsið**

Sæmundargötu 11, 101 Reykjavík — Sími 551 7030 — www.nordichouse.is



Skólar á grænni grein – Grænfáninn

Skólar á grænni grein eru alþjóðlegt verkefni sem rekið er í 67 löndum og taka 19 milljónir nemenda í 51 þúsund skólum þátt.

Verkefnið byggir á því að styðja við getu nemenda til að taka upplýstar og aðgerðamiðaðar ákvarðanir um sjálfbærni í skólum sínum, nærumhverfi og samfélagi. Til að svo geti orðið þarf allt skólasamfélagið að vinna saman að markmiðum til að bæta stöðu umhverfismála í skólanum og hafa áhrif á nærsamfélagið utan hans.

Landvernd rekur verkefnið með það að markmiði að leiða skóla í faglegri og árangursríkri vinnu með sjálfbærni í viðum skilningi að leiðarljósi. Lögð er áhersla á tengsl verkefnisins við aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla, grunnþætti menntunar í aðalnámskrá og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að uppfylla alþjóðlega samninga, líkt og Heimsmarkmiðin, Parísarsamkomulagið og fleiri samninga. Með þátttöku í verkefninu geta skólar því uppfyllt hluta af skuldbindingum Íslands í alþjóðlegu samhengi.

Samkvæmt úttekt UNESCO er verkefnið stærsta innleiðingartæki menntunar til sjálfbærni í heiminum í dag en í Heimsmarkmiði 4, Menntun fyrir alla, kveður einmitt á um að „[e]igi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl“¹. Á næstu árum hyggst Landvernd gera tengingu verkefnisins við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna enn sýnilegri.

Verkefnisstjóri Skóla á grænni grein er Katrín Magnúsdóttir. Starfsmenn skóla á grænni grein eru Sigurlaug Arnardóttir, Margrét Hugadóttir og Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir.

Um 40% skóla á landinu með í verkefninu


Í lok árs 2018 voru 172 skólar á yfir 200 starfsstöðvum með í verkefninu, þar af voru 76 leikskólar, 73 grunnskólar, 14 framhaldsskólar, tveir háskólar og sjö annars konar skólar (vinnuskólar o.fl.). Af heildarfjölda skóla á landinu eru um 40% með í verkefninu á öllum skólastigum. Af þátttökuskólum voru 125 skólar með viðurkenninguna grænfánann. Um svipaðan fjölda og árið á undan er að ræða.



Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, undirrita nýjan þriggja ára rekstrarsamning í Laugarnesskóla.



Katrín Magnúsdóttir



Vigdís Fríða
Þorvaldsdóttir



Sigurlaug Arnardóttir



Margrét Hugadóttir



Nýr þriggja ára rekstrarsamningur

Þann 18. febrúar 2019 var undirritaður nýr þriggja ára rekstrarsamningur við Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Samningurinn var undirritaður af ráðherrum og framkvæmdastjóra Landverndar við hátíðlega athöfn í Laugarnesskóla. Nemendur tóku virkan þátt m.a. með því að syngja umhverfissáttmála skólans sem er sérlega fallegur og í bundnu máli.

Ný aðgerðaráætlun

Til grundvallar nýjum samningi við ráðuneytin er þriggja ára aðgerðaráætlun Skóla á grænni grein. Helstu markmið næstu ára samkvæmt áætluninni eru að efla almenna fagþjónustu við skóla, að efla sjálfbærnimenntun á Íslandi með sérstakri áherslu á Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla, að auka og dýpka skilning og getu til aðgerða í aðkallandi umhverfismálum með sérstakri áherslu á loftslagsbreytingar. Auk þess er stefnt að fjölgun skóla á tímabilinu.

Landshlutfundir víðsvegar um landið

Veturinn 2018-2019 voru haldnir samtals 10 landshlutfundir á ýmsum stöðum á landinu. Landshlutfundir eru haldnir að jafnaði annað hvert ár og eru hluti af endurmenntun kennara innan verkefnisins. Á landshlutfundunum voru þrjár vinnustofur haldnar með það að markmiði dýpka skilning þátttakenda á sjálfbærnimenntun, getu til aðgerða, umbreytandi námi og aðgerðum í loftslagsmálum. Auk þess var haldin vinnustofa fyrir byrjendur í verkefninu þar sem farið var yfir framkvæmd verkefnisins innan skóla. Allir skólar á landinu fengu boð um að mæta á þá vinnustofu og létu nokkrir skólastjórnendur utan verkefnisins sjá sig. Allir þátttakendur fengu að gjöf handbókina Á grænni grein sem kom út á prenti haustið 2018 en hún er leiðarvísir um framkvæmd verkefnisins innan skóla.

Áfangi í umhverfisstjórnun fyrir framhaldsskólastig

Vorið 2019 var umhverfisstjórnunaráfangi fyrir framhaldsskólastig prufukeyrður í Verzlunarskóla Íslands sem þróaður hafði verið innan Skóla á grænni grein hér á landi. Í áfanganum sjá nemendur um framkvæmd Skóla á grænni grein innan skólans undir handleiðslu kennara. Áfanginn er valdeflandi og hvetur til sjálfstæðra vinnubragða í samstarfi við skólayfirvöld og tengsl við nærsamfélag. Í áfanganum eru sjálfbærnimenntun og geta til aðgerða höfð að leiðarljósi auk þess sem hann tengist grunnþáttum menntunar í aðalnámskrá og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.



Fjölbrautaskólinn við Ármúla fékk sinn sjöunda grænfána afhentan í lok ársins 2018. Hann hefur lengst allra framhaldsskóla verið með í verkefninu eða frá árinu 2005. Á myndinni eru fulltrúar úr umhverfisnefnd skólans sem veittu fánanum viðtöku.



Loftslagsviðurkenning Reykjavíkurborgar og Festu - tilnefningar óskast

Leitað er eftir tilnefningum um fyrirtæki, félagsamtök, stofnanir eða einstaklinga vegna loftslagsviðurkenningar. Tilnefningarnar geta verið frá aðilunum sjálfum eða öðrum. Óskað er eftir rökstuðningi með tilnefningunni og bent er á að hægt er að styðjast við eyðublað á vefsíðunni reykjavik.is/loftslagsviðurkenning.

Markmið viðurkenningarinnar er að vekja athygli á því sem vel er gert í loftslagsmálum og vera hvatning til annarra. Tillögur þurfa að berast fyrir 29. október 2019 merktar „Loftslagsviðurkenning 2019“ á netfangið usk@reykjavik.is eða með pósti til Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík.

Loftslagsviðurkenningin verður afhent á loftslagsfundi Reykjavíkurborgar og Festu 29. nóvember 2019.

Nánari upplýsingar: reykjavik.is/loftslagsviðurkenning



SLÖKUN VELLÍÐAN UPPLIFUN



JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN

Vinsamlegast bókið
fyrirfram á jardbodin.is



Höfundur greinar: Lovisa Ásbjörnsdóttir, meðstjórnandi í stjórn Landverndar.

Kerlingarfjöll. Mynd: Hafþór Óðinsson.

Friðlýsingar: Ekki gera ekki neitt

“Ekki gera ekki neitt” hefur glumið í sjónvarpstækjum landsmanna undanfari ár, auglýsing tryggingafélags til að næla sér í fleiri viðskiptavinum með þann boðskap að þú tryggir ekki eftir á þegar skaðinn er skeður. Þessi frasi getur einnig átt við um friðlýsingar því þegar náttúru er raskað er yfirleitt ekki hægt að endurheimta fyrra ástand. Rask er rask, sama hversu vel er gengið frá skemmdunum eftir á.

Í 1. gr. laga um náttúruvernd stendur: „Markmið laga þessara er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru [...]“. Þetta er göfugt markmið en núna erum við heldur betur komin í kapphlaup við tímann. Rannsókn- og framkvæmdaleyfi eru gefin út án afláts í því skini að nýta náttúruauðlindir og hraði framkvæmda er mikill. Aftur á móti ganga friðlýsingar afar hægt fyrir sig ef marka má árangur undangenginna ára. Mörg ár virðist taka að vernda mikilvæg náttúrusvæði þrátt fyrir að Alþingi hafi lagt blessun sína yfir friðlýsingu þeirra.

Til að varpa ljósi á alvarleika málsins fylgir hér með stutt samantekt um framgang friðlýsinga á síðustu 15 árum. Þessi samantekt á við þau svæði sem þingið hefur samþykkt með þingsályktunum að skuli friðlýsa, en vissulega hafa önnur svæði verið friðlýst á tímabilinu að beiðni sveitarfélaga.

- Í þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004-2008 voru sett fram 12 svæði til friðlýsingar. Af þeim hefur Skerjafjörður verið friðlýstur sem hluti af stærra svæði. Vestmannaeyjar og Látrabjarg hafa farið í kynningarferli en eru enn ekki friðlýst. Önnur svæði hafa hvorki farið í kynningarferli eða verið friðlýst og einu þeirra, Eldvörpum á Reykjanesskaga, hefur verið raskað óafturkræft með rannsóknarborunum vegna jarðvarmavirkjunar.
- Samhliða setningu nýrra laga um Mývatn og Laxá árið 2004 voru tilgreind 11 svæði sem skildi friðlýsa fyrir árslok 2007. Af þessum svæðum hafa aðeins Þrengslaborgir, Hverfell og Dimmuborgir verið friðlýst en ekki t.d. Lúdent og Lúdentsborgir. Tveimur þeirra svæða sem átti að friðlýsa fyrir 2007, Leirhnjúkshrauni og Jarðbaðshólum, hefur í dag verið raskað óafurkræft vegna framkvæmda.
- Í þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009-2013 voru sett fram 13 svæði til friðlýsingar. Af þeim lista hefur einungis búsvæði tjarnarklukku á Hálssum í Djúpvogshreppi verið friðlýst.
- Í þingsályktun um rammaáætlun frá árinu 2013 eru nefnd 13 svæði sem ber að friðlýsa fyrir orkuvinnslu en ekkert af því hefur enn gengið eftir. Í september 2018 lagði Umhverfisstofnun þó fram til kynningar tillögur að friðlýsingu þriggja svæða á hálendinu sem byggja á grunnri rammaáætlun. Svæðin eru Hólmsá, Tungnaá, Jökulfall og Hvítá. Þar að auki hafa Kerlingarfjöll verið í friðlýsingarferli frá 2016 en þau voru áður á náttúruumjaskrá.
- Í apríl 2018 skilaði Náttúrufræðistofnun tillögum um val svæða á B-hluta náttúruumjaskrár. Valin voru alls 112 svæði í net verndarsvæða fyrir vistgerðir, fugla og jarðminjar. Þessar tillögur, sem eru hinar fyrstu eftir að ný náttúruverndarlög tóku gildi árið 2015, eru í vinnslu hjá Umhverfisstofnun.

Náttúra Íslands er einstök og við verðum að gera mun betur í friðlýsingarmálum en verið hefur á síðustu árum. Við bindum miklar vonir við núverandi umhverfis- og auðlindaráðherra sem hefur mikla reynslu og þekkingu í náttúruvernd og vitum að hann mun gera sitt besta.

Á síðustu árum hefur almenningur smátt og smátt verið að átta sig á því að orðið náttúruauðlind á ekki eingöngu við um orku- og jarðefnanýtingu heldur eru raunveruleg verðmæti falin í óraskaðri náttúru Íslands. Aukin vitundarvakning í umhverfismálum og eflaust líka hrifning erlendra ferðamenna af náttúru landsins hafa átt þátt í því að vekja menn til umhugsunar um þessi verðmæti.

Síðasta sumar kom ánægjuleg tilkynning frá umhverfis- og auðlindaráðherra um átak í friðlýsingum fyrir árin 2018–2020. Settar voru 36 milljónir króna árlega í þennan málaflokk auk 12 milljóna króna í undirbúning stofnunar miðhálandisþjóðgarðs. Þá lét umhverfis- og auðlindaráðuneytið gera rannsókn á efnahagslegum áhrifum 12 friðlýstra svæða og nærsamfélaga þeirra. Niðurstöður voru kynntar á Umhverfisþingi í nóvember 2018. Rætt var við rúmlega 3000 ferðamenn sumarið 2018. Í ljós kom að innan þeirra svæða sem rannsókuð voru eyða ferðamenn árlega samtals um 10 milljörðum króna, sem þýðir að fyrir hverja eina krónu sem ríkið lagði til svæðanna skiluðu 23 krónur sér til baka. Þetta sýnir að friðlýst svæði landsins eru ekki bara náttúrufarslega mikilvæg heldur einnig efnahagslega mjög arðbær, að ekki sé talað um heilsueflandi áhrif þeirra.

Við byggjum allt okkar á náttúru landsins; hreint vatn úr jarðlögum, rafmagn og hiti úr fallvötnum og háhitasvæðum, byggingarefni úr ármöl og jökulgörðum, gjöful fiskimið umhverfis landið, landbúnaðarvörur af gróðurlendum og svona má lengi telja. Við þurfum að fara vel með náttúru okkar og temja okkur sjálfbærni. Íslenski málshátturinn „Eyðist það sem af er tekið“ á við um alla hluti og hugsunarlaus auðlindanýting er ekki í boði lengur á tímum loftslagsbreytinga sem geta haft ófyrirséðar afleiðingar fyrir náttúru og samfélag jarðarinnar.

Það er óskandi að áframhaldandi vitundarvakningu um náttúruvernd hjá almenningi og ráðamönnum þjóðarinnar verði til þessi að við getum staðið vörð um náttúruvernd landsins og verndað þær til framtíðar.

Stöndum saman og gerum góða hluti í þágu náttúruverndar.

Ekki gera ekki neitt!

Eitt af 25 undrum veraldar

Jarðsjór Bláa Lónsins á sér engan líkan í heiminum. Hann sprettur af 2.000 metra dýpi úr iðrum jarðar þar sem sjór og ferskvatn síast saman í jarðlögin. Jarðhiti veldur efnahvörfum sem gerir jarðsjóinn ríkan af steinefnum, kísli og þörungum sem veitir grunninn að lækningamætti lónsins. **Upplifðu undrið.**

BLUE LAGOON
ICELAND

bluelagoon.com



Hlutverk ReSource International umhverfisverkfræðistofu er að koma fram með lausnir sem stuðla að framförum og efla samfélög á umhverfisgrundvelli.

Starfsfólk fyrirtækisins býr yfir yfirgripsmikilli þekkingu á öllu hvað varðar umhverfismælingar og umhverfisráðgjöf. Þessi hæfni gerir því kleyft að leysa fjölbreytt verkefni hvað varðar umhverfismál um allan heim.





Loftslagsáskorun

Framtíð okkar og komandi kynslóða er í húfi!



Aðgerðir til að sporna við hamfarahlýnun ætti að vera stærsta viðfangsefni okkar allra, sama hvað við tökum okkur fyrir hendur. Verkefnið er svo stórt að ekkert framlag til þess er of lítið. Landvernd telur að mikilvægt tæki einstaklinga til þess að knýja á um stórar breytingar sé að þrýsta á stjórnvöld að uppfylla skyldur sínar gagnvart almenningi og grípa til tafarlausra og markvissra aðgerða í loftslagsmálum strax. Á Íslandi er í gildi aðgerðaráætlun af hálfu stjórnvalda sem er hvorki tímasett né magnbundin og nær bara til fárra geira samfélagsins. Í raun er ekki hægt að kalla áætlun sem ekki er magnbundin eða tímasett “aðgerðaráætlun”. Almennur getur þrýst á stjórnvöld að gera betur með því að skrifa undir loftslagsáskorun á **askorun.landvernd.is** sem hljóðar svo:

Við undirrituð skorum á íslensk stjórnvöld að grípa tafarlaust til afdráttarlausra og öflugra aðgerða til að snúa við þeirri ógnvænlegu þróun sem nú blasir við í loftslagsmálum og ógnar öllu lífríki.

FRAMTÍÐ OKKAR OG KOMANDI KYNSLÓÐA ER Í HÚFI !

Losun gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi eykst hratt og er, miðað við höfðatölu, mun meiri en í nágrennalöndum okkar. Þeirri þróun þarf strax að snúa við til að draga úr alvarlegum afleiðingum loftslagshlýnunar og skapa öruggara og sjálfbærara þjóðfélag.

Landvernd vonar að sem flestir skrifi undir áskorunina og fái vini sína og fjölskyldu til þess að gera það sama. Stjórnvöld þurfa að vita að kjósendur vilja alvöru aðgerðir í loftslagsmálum og það getum við sýnt með því að skrifa undir.

Stöndum vörð um náttúru Íslands

Styrkjum Landvernd


Landvernd eru félagasamtök sem rekin eru á félagsgjöldum og styrkjum. Með því að styrkja Landvernd hefur þú áhrif. Landvernd hefur það að markmiði að vernda víðerni og náttúru Íslands, svo að komandi kynslóðir fái notið hennar um ókomna tíð. Þinn stuðningur gerir Landvernd kleyft að vinna að þessu markmiði á margvíslegan hátt. Landvernd hefur til dæmis umsjón með stærsta umhverfismenntaverkefni á Íslandi [Grænfánanum](#) en yfir 200 skólar á öllum skólastigum taka þátt. Landvernd tekur virkan þátt í [ákvarðanatöku](#) og með því að skrifa umsagnir, ályktanir, móta stefnur og kæra lögbrot sem eiga sér stað, kemur Landvernd sjónarmiðum almennings og meðlima samtakanna til skila. Mánaðarlegir styrkir tryggja starfsemi Landverndar og með því að gerast styrktaraðili styður þú við verndun náttúru Íslands. Félagar hafa atkvæðisrétt á aðalfundi og geta þannig haft bein áhrif á starf samtakanna.

Stakir styrkir

Til að styrkja samtökin með stökum styrkjum má hafa samband við skrifstofu Landverndar. Styrkir renna til [verkefna](#) samtakanna.

Einnig er hægt að leggja inn á reikning Landverndar,
kt. 640971-0459
Rnr. 0301-26-009904

Tilvísun: Styrkur




Gerast félagi

Þú getur gerst félagi í Landvernd með því að skrá þig á vefsíðu Landverndar: www.landvernd.is eða með því að senda tölvupóst á [landvernd\(hja\)landvernd.is](mailto:landvernd(hja)landvernd.is). Félagsgjald er að lágmarki 4000 kr. á ári, samkvæmt ákvörðun síðasta aðalfundar Landverndar, en þeir sem vilja styrkja samtökin um hærri fjárhæð geta valið aðrar upphæðir eða mánaðarlegan stuðning, sjá hér að ofan.

Félagar hafa atkvæðisrétt á aðalfundi og geta þannig haft bein áhrif á starf samtakanna.

Allar upplýsingar eru trúnaðarmál og ekki afhentar þriðja aðila.

ERU
NAGLADEKKIN
ÖRUGGLEGA
NAUÐSYNLEG
FYRIR ÞIG?


Reykjavíkurborg

Sjá nánar: www.reykjavik.is/þjónusta/lokum-nagladekkin-er-umferd

Af hverju eigum við að stuðla að útbreiðslu birkis næstu áratugina?

Gróft mat sérfræðinga sýnir að illa farið þurrlendi á Íslandi losi út í andrúmsloftið einhvers staðar á milli 2 og 20 milljónir tn af CO₂ á ári. Með því að endurheimta birki á sem flestum af þessu sömu svæðum stöðvast losunin og hrein kolefnisbinding sem afurð af endurheimt birkiskóganna verður viðbótarávinningur fyrir loftslagið. Birkiskógar eru varanleg vistkerfi

sem safna kolefni í við og jarðveg. Binding í við er mest fyrstu áratugina en kolefnisuppsöfnun í jarðvegi heldur áfram á meðan skógurinn er til staðar vegna þess eiginleika íslensks jarðvegs að geta geymt mikið kolefni. Auk þess myndar skógurinn nýjan og frjósaman jarðveg með tíð og tíma.

Ef birkiskógi er ekki raskað mun kolefnið í jarðvegi hans varðveitast í árhundruðir, enda geymir jarðvegur heimsins stærsta kolefnisforða jarðar, á eftir heimshöfunum.

Áætlað er að í viði birkisins bindist um 2,7 – 3,4 tn af CO₂ á hektara á ári. Þar við bætist binding í jarðveginum sem er um 2,1 tonn af CO₂ á hektara á ári.

Endurheimt birkivistkerfa er mikilvægur þáttur í umhverfis- og loftslagsstefnu Íslands

Langstærstur hluti af losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi er af völdum röskunar á vistkerfum (bæði votlendi og þurrlendi). Með endurheimt þessara röskuðu vistkerfa stöðvum við þessa losun og tryggjum að kerfin nái fyrri vistfræðilega virkni og hámarksþægni þannig getu þeirra til að taka upp kolefni úr andrúmslofti og binda á ný í jarðvegi og gróðri.

Endurheimt birkivistkerfa er mikilvægur þáttur í umhverfis- og loftslagsstefnu Íslands. Í dag þekja birkiskógar um 1,5% landsins en talið að við landnám hafi þeir þakið um 30% landsins.



Endurheimt með sjálfgræðslu

Við sjálfgræðslu þarf að huga að því að birkilundir innan svæða (gróðursettir eða fræsáning) séu þannig staðsettir að frædreifing frá þeim fari yfir svæði þar sem landnámsskilyrði eru best. Frædreifing er mest undan ríkjandi þurri vindátt og taka þarf tillit til þess val á staðsetningu birkilunda.

Við endurheimt birkiskóga er æskilegt að nota efnivið (birkifræ/plöntu) frá viðkomandi landsvæði til að vernda og efla staðbundinn erfðabreytileika. Auk þess er staðarbirkid best aðlagð að umhverfisaðstæðum og ætti því að



komast vel af á öðrum stöðum innan sama landsvæðis.

Við þurfum því að safna fræi innan núverandi birkiskóga og koma í dreifingu á nágrennasvæðum til að hraða landnámi og útbreiðslu nýrra birkiskóga.

Gerum þetta sjálf!

Allir landsmenn geta tekið þátt í að auka útbreiðslu birkiskóga með því að safna fræi og dreifa á valin svæði í nágrenni söfnunarstaða eða sent Landgræðslunni fræið. Best er að safna fræi á haustdegi í þurru veðri.



Það er nóg að koma upp fræbönkum / birkilundum á um 7% þess lands sem á að taka undir skóg

Birkið breiðist út með vængjuðum fræjum. Fræin eru létt og geta svifið langar leiðir. Talið er að eftir lok ísaldar hafi birki breiðst ört út um landið. Nýlegt dæmi um þetta ferli er ör útbreiðsla birkis á Skeiðarársandi. Birkið á Sandinum kom upphaflega með fræi úr Bæjarstaðaskógi og eitthvað á ættir að rekja í Núpsstaðaskóg.

Þegar fræbanki er til staðar og umhverfisaðstæður hagstæðar, svo sem örugg set - stöðugt jarðvegsyfirborð og staðsetning í landslagi - og friðun gegn sauðfjárbreit getur birkiskógur breiðst verulega hratt út.

Nýlegar rannsóknir sýna að birki er farið að dreifa sér með fræi um áratug eftir gróðursetningu. Hér er miðað við árgamlar, gróðursettar plöntur.

Útbreiðsluhraðinn er það mikill að nóg er að koma upp fræbönkum/birkilundum á um 7% þess lands sem ætlunin er að taka undir skóg. Að 10-15 árum liðnum munu þau tré bera fræ og þannig stuðla að áframhaldandi sjálfgræðslu svæðisins.



Verum fyrirmynd í loftslagsmálum



„Þjóðin býr yfir tækni, þekkingu og auðlegð til að ná markmiðinu um kolefnishlutleysi. Sterkan vilja og víðtækari samstöðu skortir. Breytum því!“

Höfundur greinar: Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir, varaformaður Landverndar.

Fyrir um 30 árum vöknud þjóðir heims upp við vandan draum; hættulegar loftslagsbreytingar voru um það bil að eyðileggja lífsskilyrðin á heimili okkar, jörðinni. Í skyndi voru gerðir alþjóðlegir samningar um hvað bæri að gera. En svo gerðist lítið meira. Líka á Íslandi þar sem losun gróðurhúsalofttegunda hefur vaxið um liðlega 30% frá árinu 1990.

Losun gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi eykst og er mun meiri á hvern íbúa landsins en í nágrannalöndunum, og margfalt hærra enn í þróunarlöndum. Ríkisstjórn Íslands sendi frá sér aðgerðaráætlun í loftslagsmálum síðastliðið haust. Það er mjög jákvætt að Ísland hafi fengið sína fyrstu fjármögnuðu aðgerðaráætlun í loftslagsmálum. Áætlunin er lítið skref í rétta átt, en hún er ekki markviss og sýnir ekki fram á með trúverðugum hætti að með henni uppfyllum við Parísarsáttmálan sem við erum búin að samþykka. Eða nauðsynlegum samdrætti í losun ár frá ári. Samfélagið virðist tilbúið fyrir stærri skref, en stjórnvöld hika. Viðfangsefnið kallar á róttækar aðgerðir í líkingu við það þegar þjóðin á sínum tíma kom sér saman um að veita heitu vatni í því sem næst öll hús á landinu.

Samgöngur eru uppspretta um fjórðungs losunar á Íslandi. Þá losun þarf að minnka um helming fyrir árið 2030 ef ná á markmiðum sem sett hafa verið. Nýlega vann verkfræðistofan EFLA spá um losun frá samgöngum miðað við 2% árlega aukningu ferðamann og þær aðgerðir sem nú þegar hefur verið gripið til. Niðurstaðan er sláandi eins og fram kemur í meðfylgjandi mynd. Losunin verður tvöfalt meiri en hún verður að vera ef ná á markmiðum stjórnvalda. Þetta staðfestir málflutning Landverndar að þær aðgerðir sem gripið hefur verið til eru enn mjög léttvægar.

Það er því augljóst að grípa þarf til mun hraðari og víðtækari samdráttar í losun ef markmið Íslands eigi að nást. Landvernd kallar eftir því að stjórnvöld setji skýr tímasett og töluleg markmið og fjárhagsáætlun um hvernig það á að gerast.

Margar aðgerðir koma til greina. Bæta almenningssamgöngur strax og hraða öruggara og bættu aðgengi fyrir gangandi og hjólandi. Að kolefnisgjald á bensín og dísel verði hækkað, eyðslufreikir bílar gerðir dýrari í innflutningi, gera metangas hagstæðan valkost fyrir eldri bíla, og að sala á nýjum dísel- og bensínbílum

verði bönnuð frá 2023. Þá má leggja kolefnisgjald á hvern farþega með skemmtiferðaskipi og alþjóðflugum sem kemur til landsins og að allar bílaleigur verði skuldbundnar til þess að kolefnisjafna losun frá starfsemi sinni. Einnig er skynsamlegt að skuldbinda lífeyrissjóði og aðrir stærri fjárfestingarsjóði til að allar fjárfestingar þeirra standist markmið Parísarsáttmálans.

Ísland ætti að setja sér langtímamarkmið um að hætta alfarið að nota jarðefnaeldsneyti, auka orkunýtni og nýta einungis endurnýjanlega orku. Einnig ætti Ísland að endurskoða alfarið öll sín langtíma loftslagsmarkmið, þar sem loftslagsbreytingar eru að gerast hraðar en okkur óraði fyrir.

Góðu fréttinar eru að fram hafa komið margar tæknilegar og hagkvæmar lausnir sem biða þess að verða nýttar af ríkjum, borgum og bæjum og fyrirtækjum sem vilja vera í fararbroddi. Flestar þessara lausna vinna ekki bara á loftslagsvandinum, þær munu einnig bæta heiminn; gera hann að stað þar sem mannlífið fær að dafna í meiri sátt við náttúruna.

Víðtæk alþjóðleg samstaða er forsenda árangurs gegn loftslagsbreytingum. Framlag okkar Íslendinga gæti átt þátt í því að hvetja aðra til dáða. Ómarkvissar og metnaðarlausar aðgerðir eru í raun glæpur gegn mannkyninu; komandi kynslóðum, börnum og barnabörnum.

Ég hvet alla til þess að skrifa undir kröfu til stjórnvalda landsins um frekari nauðsynlegar aðgerðir sem skili mælanlegum árangri. Þú getur skrifað undir þessa kröfu með því að fara á heimasíðu Landverndar. Þitt framlag skiptir máli fyrir þau lífsskilyrði sem við ætlum kynslóðum framtíðarinnar.

Barnabörnin og hagsmunir


Það er talað um hugmyndafræði, vinstri, hægri og frjálshyggju, en það stenst enga hugmyndafræði eða lög að ein kynslóð geti valdið komandi kynslóðum svo miklu tjóni og stolið frá þeim miklum verðmætum. Siðmenntaðar ríkisstjórnir eiga að hefta frelsi einstaklinga til að valda öðrum tjóni og það er áfelligsdómur yfir lýðræðinu ef kerfið gerir okkur ókleift að hugsa áratugi fram í tímann. Hagsmunir fyrirtækja og þægindi hafa vegið þyngra en

hafið, andrúmsloftið og öll barnabörn heimsins um alla framtíð. (Andri Snær Magnason, Um tímann og vatnið, 2019, bls. 249)


Endurhönnun 20. öldina

Það þarf nánast að endurhanna 20. öldina eins og hún leggur sig. Það þarf að endurhugsa hvað við borðum, þarf að endurhugsa tísku og tækni, allar samgöngur, alla framleiðslu og neyslu. Á sama tíma þarf jörðin að brauðfæða níu milljarða og mannkynið að varðveita það sem eftir er að óspilltri náttúru. Það þarf að endurhugsa heiminn og það þarf að gerast jafn hratt eða hraðar en menn þróuðu flugið, kjarnorkuna og tölvutæknina.

(Andri Snær Magnason, Um tímann og vatnið, 2019, bls. 299)



Minna í skyndibita – meira í menningu?



arionbanki.is

Fjármálin mín í Arion appinu er ný leið til að átta sig á hvert peningarnir fara. Hvað fer mikið í fatakaup? Hvernig sveiflast eldsneytiskaupin yfir árið? Núna verður miklu skemmtilegra að átta sig á stöðunni.

Þægilegri bankaþjónusta **Arion banka**



Landvernd til heilla í 50 ár

Jarðavegurinn og gróðurinn var stefið sem varð kveikjan að því að félagar jafn ólíkra félaga og Lions-klúbburinn Baldur og Hið íslenska Náttúrufræðifélag tóku höndum saman og tilkynntu 17. júní 1969 um áform að stofna Landvernd. Landvernd var einnig afkvæmi strauma sjöunda áratugar síðustu aldar þegar heimurinn uppgötvaði að iðnvæðing og efnisleg gæði höfðu verið dýru verði keypt og átt þátt í því að raddir vorsins voru að þagna. Áform um virkjanaframkvæmdir við Laxá og Blöndu sem og hugmyndir um Þjórsárveravirkjun á árdögum samtakanna, kveiktu elda umhyggju fyrir óraskaðri náttúru landsins sem enn loga. Þjóðin, sem fyrr hafði tengt tilvistarvitund sína við tungu og bókmenntir, fann nýjan vitundarstreng í hálendi og auðnum. Það snart samtökin djúpt. Áhuginn fyrir að vernda og hlúa að gróðri og að standa vörðu um hálendisauðnir og óspillt víðerni féllust í faðm í Landvernd.

Virkjun sjálfboðaliða, fræðsla og samtalið voru frá upphafi mikilvægustu verkfæri Landverndar. Náin tengsl við atvinnulíf og önnur samtök voru leiðarstef fyrir félagið, sem lengi vel leit á sig sem regnhlífarsamtök. Þetta breyttist þegar deilur um Kárahnjúkavirkjun höfðust og fleiri aðildarfélög hættu stuðningi sínum. En þúsundir einstaklinga fylltu fljótlega rúmlega það skarð sem myndaðist þegar völdug félög og fyrirtæki sögðu skilið við Landvernd snemma á fyrsta ártug þessarar aldar.

Landvernd hefur sett spor á þróun umhverfismála á Íslandi. Nefnum fáein dæmi.

- Í plastumræðu samtímans er hollt að minnast þess að Landvernd tók frumkvæði að því að lagt var gjald á plastburðarpoka í verslunum á níunda áratug síðustu aldar. Það fé sem safnaðist var sett í sjóð sem Landvernd annaðist og var veitt til umhverfisbótaverkefna. Velgengni sjóðsins varð því miður til þess að verslunin ákvað að taka sjóðinn af Landvernd til að fá frjálssar hendur um ráðstöfun fjármuna.
- Umhverfismennt og -vitund hefur stór aukist fyrir tilstuðlan Landverndar; Ritröð Landverndar, Grænfáninn, Náttúruskóli í Alviðru, Vistvernd í verki og Bláfáninn eru fáein góð dæmi þar um. Það eru líka slagorð Landverndar sem lengi lifðu s.s. *Hreint land – fagurt land, Hóflæg nýting – hagar þjóðar, Hugsum áður en við hendum.*
- Landvernd átti þátt í að bjarga Þjórsárverum frá eyðileggingu og hefur stuðlað að því að við ýmsar stórkallalegar framkvæmdir hafa umhverfisáhrif verið milduð. Samtökin áttu ríkan þátt í því að koma rammaáætlun á dagskrá um síðustu aldamót og lögðu lóð á vogarskálarnar við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Stofnun og fyrsta stjórn

Aðalhvatamenn að stofnun Landverndar komu félagslega séð einkum úr eftirfarandi félögum, félagasamböndum og stofnunum:

- Hinu íslenska náttúrufræðifélagi (HÍN)
- Lionsklúbburinn Baldur
- Ungmennafélagi Íslands
- Æskulýðssambandi Íslands
- Skógræktarfélagi Íslands
- Landgræðslu ríkisins

Á stofnfundi samtakanna var kjörin bráðabirgðastjórn sem undirbjó aðalfund í lok febrúar 1970. Á fundinum var kosið í fyrstu stjórn samtakanna og var hún þannig skipuð:

Hákon Guðmundsson, yfirborgardómari, formaður
Karl Eiríksson, forstjóri, varaformaður
Ingvi Þorsteinsson, náttúrufræðingur, ritari
Jóhannes Sigmundsson, bóndi, gjaldkeri
Jónas Jónsson, ráðunautur
Sturla Friðriksson, erfðafræðingur
Eyþór Einarsson, grasafræðingur
Til vara: Snorri Sigurðsson, framkvæmdastjóri
Páll Bergþórsson, veðurfræðingur
Arnþór Garðarsson, dýrafræðingur

Formenn Landverndar frá upphafi

Hákon Guðmundsson, yfirborgardómari, 1969-1979
Þorleifur Einarsson, jarðfræðingur, 1979-1989
Auður Sveinsdóttir, landslagsarkitekt, 1989-1997
Jón Helgason, bóndi og forseti Alþings, 1997-2001
Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, arkitekt, 2001-05
Björgólfur Thorsteinsson, hagfræðingur, 2005-2011
Guðmundur Hörður Guðmundsson, umhverfisfræðingur, 2011-15
Snorri Baldursson, líffræðingur, 2015-2017
Snæbjörn Guðmundsson, jarðfræðingur, 2017-18
Rósbjörg Jónsdóttir, viðskiptafræðingur, 2018-19
Tryggvi Felixson, hagfræðingur, 2019-




Landvernd til heilla í 50 ár



Árni Reynisson,
fyrsti framkvæmdastjóri Landverndar

Hreint land og mengun

Hugtakið hreint land skildu allir, en nýyrðið „mengun“ hafði á sér dulafullan hjúp sem í upphafi vísaði aðallega til útlanda þar sem mengun virtist hrannast upp óstöðvandi þar sem síst skyldi. En hver var staðan hérlendis? Landvernd ákvað að efna til ráðstefnu og taka fyrir skilgreiningu hugtaksins, stöðu mála erlendis og ástand á hverju sviði þjóðlífsins þar sem búast mætti við úrgangsefnum eða orku sem slyppu út í íslenskt umhverfi. Ráðstefnan fór fram og mengun kom í ljós. Erindin voru gefin út á bók sem varð mikilvæg undirstaða vandaðrar umræðu um nýja hlið náttúruverndar sem um leið víkkaði og nefndist þaðan í frá umhverfisvernd.



Haukur Hafstað,
framkvæmdastjóri Landverndar
1972 til 1983

Eigendur og ábúendur þessa lands eru margir og áhuginn á landgræðslu og nýtingu misjafn. Ég hef trú á því að unga fólk geti unnið bug á skammsýnum stundarhagsmunum og náði þess í stað samstöðu um félagslega lausn á þessu. (Skinfaxi 2. tb. 1973)



Þorleifur Einarsson,
jarðfræðingur, formaður
Landverndar 1979-1989

Kjarnorkuvopn eru ógnun við allt líf á jörðinni. Því er sjálfsagt að umhverfisverndarsamtök á borð við Landvernd skipi sér í raðir þeirra sem berjast gegn framleiðslu og dreifingu kjarnorkuvopna, og fyrir friði á jörð. (Þjóðviljanum 25.11.1983)



Auður Sveinsdóttir,
formaður 1989-1997

Stofnun umhverfisráðuneytis 1989

Í fréttabréfi Landverndar í október 1990, þá nýkjörin formaður samtakanna skrifaði ég m.a. eftirfarandi „..... Þrátt fyrir hið nýja umhverfisráðuneyti, hefur aldrei verið jafn mikil þörf á óháðum samtökum eins og Landvernd, sem ekki eru bundin á klafa laga og reglugerða. Samtökum sem eru vettvangur fyrir hressileg skoðanaskipti og gagnrýna umræðu um náttúru- og umhverfisverndarmál. Allir sem einhvern áhuga hafa á þessum málaflokki, og þeim fer sem betur fer

fjölgandi, eiga að styðja við bakið á þessum samtökum og gera þau enn öflugri og betri. Án fólksins sem vill gera Ísland betra, hreinna og gróðursælla verður engin Landvernd!.....“



Svanhildur Skaftadóttir,
starfsmaður Landverndar frá
1976 og framkvæmdastjóri
1986-1997

Sorpsýning í búðarglugga

Óhefðbundnari voru þær leiðir sem Landvernd fór til að vekja athygli á meðhöndlun sorps og möguleikum endurvinnslu, og það er enginn endir á því hverju hægt er að finna upp á til að vekja athygli á góðum málstað. Þessi mál voru Landvernd ofarlega í huga, en þau voru á þeim árum í megnasta ólestri hér á landi. Finginn var að láni búðargluggi við Laugarveg og hann fylltur af rusli. Hugmyndin var að sýna hve mikið hver einstaklingur henti af sorpi ári hverju. Þetta vakti óhemju athygli og mikla hneykslun þeirra sem framhjá gengu. Svo fór að búðareigandi taldi sér ekki fært að hafa þetta í glugganum og varð sýningin því styttri en til stóð. En hún vakti fólk til umhugsunar engu að síður.



Jón Helgason,
formaður Landverndar 1997-2001

Árneshreppur á dagskrá

Að sjálfsgöðu varð árangur starfsins ekki alltaf eins góður og að var stefnt. Landvernd taldi afar mikilvægt, að unnið yrði að stuðningi við byggð og mannlíf í Árneshreppi á Ströndum. Rætt var við stjórnvöld og í samvinnu við heimamenn haldin ágæt ráðstefna þar. Eftir það lögðu þingmenn Vestfjarða fram tillögu til þingsályktunar um stuðning við þennan menningararf. Hún var samþykkt á Alþingi og í framhaldi af því send Bygðastofnun til meðferðar.



Ólöf Guðný Valdimarsdóttir,
formaður Landverndar 2001-2005

Baráttan við ofuraflið

Helsti vandi Landverndar og annarra frjálsra félagsamtaka er að fjárhagsgrundvöllur þeirra er ótryggur og byggður á mjög takmörkuðum opinberum fjárfraumlögum auk félagsgjalds. Starfsemin byggist því mikið upp á sjálfböðavinnu en í flóknu nútímasamfélagi verður sífellt erfiðara að fá fólk til að leggja á sig mikla vinnu án þess að þóknun komi til. Náttúruverndarsamtökin eiga því við ofurefli að etja. Annars vegar eru framkvæmdaaðilar oftast með stjórnvöld á bak við sig og að því er virtist ótakmarkað fjármagn, stundum

ríkistryggt, til að koma boðskap framkvæmdaaðilanna á framfæri. Hins vegar frjáls félagasamtök með takmarkað fjármagn til að takast á við umfangsmikil verkefni að mestu knúin áfram af sjálfböðavinnu fólks sem hefur ást á landinu, vitneskju um sérstöðu íslenskrar náttúru sem það er tilbúið að berjast fyrir og er meðvitað um mikilvægi langtímasjónarmiða í atvinnu- og efnahagsuppbyggingu. Eitt er víst að hlutverk frjálsra félagasamtaka, rödd fólksins í landinu, í skoðanaskiptum og aðkomu að lýðræðislegri ákvarðanatöku hefur sannað sig í starfi Landverndar.



Freysteinn Sigurðsson,
varformaður Landverndar 1989-2008

Náttúran hefur grundvallargildi fyrir mannkynið

Mannkynið lifir í og á náttúrunni, þrátt fyrir alla sína tækni og hugvit. Þaðan fær það bæði fæðu sína og hráefnin fyrir framleiðslu sína og tækniverk. Náttúran hefur því grundvallargildi fyrir mannkynið allt og um leið fyrir sérhvert okkar, sem því tilheyrum. Hugmyndafræðilega getur verið umdeilt, hvert mannkynið eigi að stefna, hvort það eigi að stefna að tilvist sinni til frambúðar á jörðinni, eða eyða náttúrugæðunum í skammtíma sukki einnar kynslóðar. Á okkur, sem nú lifum, hvílir sú skylda að skila lífsgrunni mannkynsins, náttúrunni, í því horfi til komandi kynslóða, að þær geti líka lifað í henni og á henni. Þetta er grunnurinn undir hugmyndum um svokallaða sjálfbæra þróun, sem flest siðmenntuð ríki aðhyllast.



Björgólfur Thorsteinsson,
formaður Landverndar, 2005-2011

Verðun útilokar ekkert, en það gerir virkjun

Það er brýnt að skoða vel allar hliðar þeirra hugmynda sem fram hafa komið áður en skapaðar eru væntingar um atvinnutækifæri og umsvif sem erfitt getur verið að uppfylla án þess að fórná náttúruverðmætum. Þjóðin býr við góðan efnahag, nýsköpun og fjölbreytni í atvinnulífi. Með Norðlingaölduveitu í Þjórsárverum mun fást tiltölulega lítil orka miðað við raskið. Það eru engir brýnir þjóðhagslegir hagsmunir sem krefjast þess að farið verði inn á þetta verðmæta svæði og framkvæmdir myndu hafa veruleg áhrif á ásýnd svæðisins, vatnafar og landslag. Allt bendir því til að það sé landi og þjóð fyrir bestu að ekki verði virkjað þarna. Verndun útilokar ekki virkjun síðar meir, en virkjun myndi hins vegar útiloka verndun.



Tryggvi Felixson, framkvæmdastjóri Landverndar 1999-2006

Kárahnjúkavirkjun, Íslandsmet í umhverfisspjöllum

Allur undirbúningur Kárahnjúkavirkjunar einkenndist af miklum asa. Sá tími sem almenningi og félagasamtökum gafst til að hafa raunveruleg áhrif var afar takmarkaður. Landvernd stóð ítarlegri úttekt á framlögðum gögnum með vinnuhópum um einstök efni með helstu sérfræðingum á viðkomandi sviði. Meginniðurstöðu rýnistarfsins var að mikil röskun á náttúru væri óhjákvæmileg ef til framkvæmda kæmi. Stjórn Landverndar bar fram þessar ábendingar og það var mikill léttir þegar Skipulagsstofnun tók undir þann málfutning og tilkynnti, að vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa og ófullnægjandi upplýsinga um einstaka þætti framkvæmdarinnar og umhverfisáhrif hennar, væri lagst gegn Kárahnjúkavirkjun. Nú vonuðu margir að málið væri unnið. En Landsvirkjun kærði úrskurðinn til umhverfisráðherra. Pólitísk dagskipun var klár; snúa skyldi niðurstöðu skipulagsstjóra virkjunaráformum í hag, með pólitískri ákvörðun í faglegum búningi. Niðurstaðan kom svo sem jólagjöf 20. desember 2001.



Guðmundur Ingi Guðbrandsson,
framkvæmdastjóri Landverndar 2011-2017

Guðmundur Ingi Guðbrandsson var framkvæmdastjóri Landverndar á árunum 2011 til 2017 eða þar til hann var skipaður umhverfis- og auðlindaráðherra. Í hans tíð fjölgaði félagsmönnum næstum tífalt eða úr um það bil 500 félagsmönnum upp í 4500 og samtökin létu reyna á ýmis álitamál fyrir dómstólum. Þá setti Landvernd Þjóðgarð á miðhálandinu á dagskrá á þessu tímabili svo um munaði, gekk til samstarfs við önnur samtök undir hattinum Hjarta landsins, safnaði yfir 15000 undirskriftum til stuðnings þjóðgarði á miðhálandinu og vann að stofnun hans og kynningu eins vel og hægt var fyrir félagasamtök.



Guðmundur Hörður Guðmundsson,
formaður Landverndar 2011-2015

Hálendið, Hjarta landsins

Guðmundur Hörður Guðmundsson var formaður Landverndar frá 2011-2015. Undir hans formennsku fjölgaði félagsmönnum hratt og samtökin unnu ötullega að stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu undir hattinum "Hálendið, Hjarta landsins".



{mistur}

Vefverslun með umhverfivæna valkosti

1% af allri sölu rennur til Landverndar



UMHVERFISSTOFNUN

Fyrir náttúruna, okkur og komandi kynslóðir

Á Íslandi eru 115 friðlýst svæði
Stöndum saman vörð um landið!





Vegið að þátttökurétti almennings


- Ísland klagað til eftirlitsnefndar Árósasamningsins í fyrsta skipti

Almenningur hefur skýlausan rétt til umsagnar um nýtingu auðlinda þjóðarinnar og hvernig gengið er um sameiginleg land- og náttúrugæði. Árósasamningurinn á að tryggja þennan rétt. Hann er mikilvægt lýðræðistæki og nauðsynlegur til að hægt sé að stuðla að sjálfbærri þróun. Án aðkomu almennings munu áhrif hagsmunaaðila á opinbera ákvarðanatöku vera yfirgnæfandi og hætta á að ákvarðanir séu teknar til að hámarka gróða hagsmunaaðila.

Vandinn sem við erum komin í sem mannkyn vegna þess skaða sem við höfum unnið umhverfi okkar liggur meðal annars í því hve sjaldan er hlustað á umhverfisverndarfólk við ákvarðanatöku. Loftslagsvandinn hefur verið ræddur á hinum opinbera vettvangi í 30 ár en þeir sem taka ákvarðanirnar hlusta fyrst á hagsmunaaðila, síðast á almenning og fulltrúa þeirra. Meðal annars þess vegna hefur okkur ekkert orðið ágengt í því að koma böndum á umhverfisvandann. Gróði þeirra risastóru er of mikilvægur til að stjórnvöld grípi til raunverulegra aðgerða. Árósasamningurinn á að hleyppa almenningi að ákvarðanatökunni þannig að einnig sé hlustað á sjónarmið hans.

Árósasamningurinn var innleiddur á Íslandi árið 2011 og í kjölfarið var úrskurðanefnd umhverfis- og auðlindamála sett á. Í október 2018 gerði Alþingi alvarlega atlögu að grunnstoðum Árósasamningsins og sjálfsstæði úrskurðarnefndarinnar þegar lögum um fiskeldi var breytt á einum degi án umræðu eða aðkomu almennings og samtaka hans. Þannig var málsmeðferð Alþingis við lagabreytinguna skýrt brot á Árósasamningnum og jafnframt áráð á gildi og sjálfsstæði úrskurðanefndarinnar. Lagabreytingarnar sjálfar fólu í sér að útilokað er fyrir umhverfisverndarsamtök að koma að ákvörðun um bráðabirgðaleyfi til fiskeldis til 20 mánaða og þau eru ekki kærnanleg. Þannig var bæði málsmeðferð Alþingis brot á Árósasamningnum en einnig lagabreytingarnar sjálfar.

Landvernd stendur vörð um rétt almennings til þátttöku og hefur kvartað yfir brotum íslenskra stjórnvalda á EES reglum til Eftirlitsstofnunar EFTA og, ásamt sex öðrum umhverfisverndarsamtökum, til eftirlitsnefndar Árósasamningsins. Samtökin sem standa að kvörtun til eftirlitsnefndar Árósasamningsins með Landvernd eru Eldvötn, Fjöregg, Fuglavernd, Náttúruverndarsamtök Austurlands, Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands og Ungir umhverfissinnar. Niðurstöðu er að vænta á árinu 2019 eða 2020.



Teigsskógur og ströndin við Þorskafjörð

Teigsskógur og mikilvægi birkiskóga

Teigsskógur er stærsta samfellda skóglendi á Vestfjörðum. Hann nær frá Hallsteinsnesi að Þórisstöðum í Þorskafirði og þekur birkiskógur og kjarr langstærstan hluta þess svæðis. Á stöku stað er mólendi, deiglendi við lækjardrög og graslendi, bæði náttúrulegt og gömul tún við bæi. Sérstaða Teigsskógar liggur m.a. í því að hann er lítt snortinn og óslitinn frá fjöru og hátt upp í hlíðar. Trén eru ekki hávaxin og flokkast að mestu sem kjarr. Þó eru hærri tré innan um. Skógurinn er víða það þéttur að mjög erfitt er að fara um hann. Reyniviður er sums staðar áberandi og stendur gjarnan upp úr birkikjarrinu. Botngróður Teigsskógar er talinn sérlega tegundaauðugur.

Teigsskógur er líklega gamall og landið gæti jafnvel hafa borið birkiskóg frá því löngu fyrir landnám. Birki eða ilmbjörk er eina trjategundin sem myndar náttúrulega skóga hér á Íslandi. Talið er að birkiskógar og kjarr hafi verið ein útbreiddustu vistkerfi landsins við landnám og hafi þá náð yfir að minnsta kosti 20 þúsund ferkílómetra. Útbreiðsla birkivistkerfisins minnkaði mikið næstu aldirnar og mældist um 1200 km² á síðari hluta tuttugustu aldarinnar. Á síðustu áratugum hefur þó orðið smávegis aukning í útbreiðslu birkivistkerfa; kortlagning þeirra á árunum 2010-2014 sýndi rúmlega 1500 km².

Verðmæti birkiskóga eins og Teigsskógar liggur ekki síst í þeirri margháttuðu vistkerfisþjónustu sem þeir veita. Eins og allar grænar plöntur tekur birkið upp koltvísýring úr andrúmslofti og bindur hann í orkurík kolvetni með aðstoð sólarljóss. Þessi starfsemi plantna kallast frumframleiðni og í gegnum hana berst næstum öll orka inn í vistkerfi jarðar. Grænar plöntur eru því undirstaða annars lífs á jörðinni. Með tímanum safnast upp kolefni í gróðri og jarðvegi birkiskóga og jarðvegur þeirra verður frjósamur. Birkið veitir skjól auk þess sem gróður og jarðvegur temprar vatnsflæði og draga úr flóðahættu. Því veita birkiskógarnir öflugan vörn gagnvart vatns- og vindrofi. Þar sem brum trjáa og hávaxinna runna eru hátt yfir yfirborði þola þau gjóskufall mun betur en lágvaxnari plöntur og hefur reynslan sýnt að birkiskógar geta náð sér eftir gjóskufall sem veldur verulegum skaða á lágvaxnari gróðri og jafnvel víðtæku jarðvegsrofi. Birkiskógar búa yfir verulegri líffræðilegri fjölbreytni miðað við mörg íslensk vistkerfi og margar tegundir smádyra og fugla eiga þar sín aðal eða jafnvel einu heimkynni.



Teigsskógur. Að minnsta kosti fimm reynitré sjást á myndinni. Ef vel er að gæð má sjá eina úr hópnun rétt vinstra megin við stærsta reynitréd.

Ljósmyndari Hafðís Hanna Ægisdóttir.



Neðst í vestanverðum Teigsskógi, horft yfir ströndina, Skálanesfall í baksýn.

Ljósmyndari Kristín Svavarsdóttir.



Klettur og leirur við ströndina. Ljósmyndari Hafðís Hanna Ægisdóttir.

Strandgróðurinn

Strönd Þorskaftarðar við Teigsskóg er að mestu algróin. Við ströndina er talsvert votlendi og er það víðáttumest neðan við Hallsteinsnes. Þar skiptast á klófífu- og mýrastaramýrar og gulstara- og klófífluflóar þar sem blautara er. Meðfram strandlengjunni eru sjávarfitjar í lygnum vikum. Auk sjávarfitjungs vaxa þar skriðstör, heigulstör og lágargfi, allt tegundir sem vaxa nær eingöngu á sjávarfitjum eða í mýrlendi við sjó. Grýttar þangfjörur, leirur og síðan klettur taka við en þar eru mjög fáar æðplöntur. Þó má nefna hrímblöðku sem vex innan um laust þang í sandfjöru og sæhvönn sem vex í klettum. Í Þorskaftirði rétt utan við ströndina á leirkenndum botni eru allmiklar marhálmsgræður. Marhálmur er ein örfárra tegunda blómplantna sem vex í köldum sjó. Hann er mikilvæg fæða fyrir gæsir, ekki síst margæs, og marhálmsbreiður eru uppeldisstöðvar fyrir fiska. Stofnum hans hefur hnignað víða í Evrópu sl. áratugi. Þá fundum við gulstararfítjavist á nokkrum litlum blettum. Þessi vistgerð er fágæt á Íslandi, hún finnst yfirleitt á litlum blettum og er heildarflatarmál hennar aðeins talið vera 15 km². Við strönd Þorskaftarðar hjá Teigsskógi eru því þrjár vistgerðir, gulstararfítjavist, sjávarfítjungsvisst og marhálmsgræður, sem settar hafa verið á lista Bernarsáttmálans (2014) yfir vistgerðir í Evrópu sem þarfnast verndar og hafa tvær þær fyrstnefndu hátt verndargildi að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Flóra og tegundaauði

Alls hafa fundist 172 tegundir æðplantna á svæðinu. Um það bil tveir þriðju hlutar flórunnar eru þurrlendisplöntur sem vaxa í skógarbotninum eða opnara landi (mólendi, graslendi). Aðrar tegundir vaxa í deiglendi (um 30), í votlendi eða við ströndina. Flestar eru algengar á landsvísi en þarna vaxa einnig nokkrar sjaldgæfar jurtir, m.a. krossjurt sem finnst staðbundið á nokkrum stöðum á Vestfjörðum, skollakambur og ferlaufungur. Ferlaufungur er friðlýstur og flokkaður í yfirvofandi hættu á valista Náttúrufræðistofnunar. Sóldög, sem er fremur sjaldgæf, hefur fundist í mýrum nærri ströndinni.

Hugleiðingar um náttúruverðmæti Teigsskógar og nágrennis

Við undirritaðar erum hópur plöntuvistfræðinga sem höfum á undanförunum sumrum farið í nokkurra daga ferð til að skoða og greina plöntur, m.a. til að fylla inn í reitakerfi Náttúrufræðistofnunar Íslands. Sumarið 2018 vörðum við hálfum öðrum degi í Teigsskógi og skráðum æðplöntur sem á vegi okkar urðu. Fyrri daginn lögðum við upp utan við Hallsteinsnes. Við gengum fyrst austur eftir hlíðinni en fljótlega varð skógurinn erfiður yfirferðar svo við héldum okkur við skógarjaðarinn og ströndina. Síðdegis hittum við heimafólk sem tók vel á móti okkur í sumarbústað sínum. Í lok dags gengum við til baka, - fyrir ofan okkur hnitaði arnarpar hringi. Morguninn eftir fórum við að bænum Gröf og gengum vegaslóða gegnum skóginn til suðvesturs.



Fjölbreytt landslag og gróður við ströndina.
Ljósmyndari Ása L. Aradóttir.

Það sem kom okkur einna mest á óvart var náttúruvegurinn við ströndina. Þar skiptast á lágir klettur, nes og tangar og grunn lón með kyrru vatni, sléttar sjávarfítjar og leirur og vel grónir blettir þar sem breiður ólíkra tegunda gefa hver sinn lit. Fyrir utan eru sker og hinum megin fjarðarins blasir Reykjanesfjall við og Skálanesfjall nokkru vestar. Við veltum því fyrir okkur hvort sjónrænt og fagurfræðilegt gildi landslagsins á svæðinu hafi verið metið. Verði farin sú leið sem Vegagerðin leggur til mun nýr vegur liggja neðan skógarins vestast á svæðinu og fara þá jafnframt yfir þann hluta strandarinnar sem gæti haft hæst verndargildi í gróðri og landslagi.

Umræða um náttúruverðmæti svæðisins hefur fyrst og fremst beinst að birkiskóginum. Við erum sammála því sem komið hefur fram um hátt verndargildi hans. Það felst meðal annars í því hversu lítt snortinn og samfelldur skógurinn er frá fjöru til fjalls og í tegundaauði botngróðursins. Við teljum að strandgróðurinn hafi einnig umtalsvert verndargildi sem þyrfti að rannsaka betur.

Höfundar:

Þóra Ellen Þórhallsdóttir

Ása L. Aradóttir

Hafdís Hanna Ægisdóttir

Ingibjörg Svala Jónsdóttir

Jóna Björk Jónsdóttir

Kristín Svavarsdóttir

Rannveig Thoroddsen



Rjúkandi í Rjúkanda. Mynd: Tómas Guðbjartsson.

Leiðréttum mistök – friðlýsum Drangajökulsvíðerni

Landvernd hefur oft og íðulega þurft að standa gegn áformum um virkjanir þar sem umhverfisáhrif hafa verið talin alvarleg. Þekktust er baráttan gegn Kárahnjúkavirkjun. En af mörgu er að taka svo sem Blönduvirkjun, Eldvörpin á Reykjanesi og Grændal. Þessi barátta hefur of oft ekki skilað tilætluðum árangri. En stundum ná sjónarmið fram að ganga eins og dæmi eru um varðandi Þjórsárver.

Baráttan til að stöðva áformaða Hvalárvirkjun hafa verið áberandi í starfi Landverndar að undanfögnu. Fyrir því eru fjölmargar og ríkar ástæður:

Rammaáætlun er ekki ávísun á virkjun

Margir stuðningsmenn virkjunar vísa til þess að virkjunin hafi fallið í nýtingaflokk rammaáætlunar og því beri að byggja hana. Það er alvarlegur misskilningur.

Í fyrsta lagi er tilgreint í lögum að þó virkjanatillögur séu í nýtingaflokki Rammaáætlunar felst engin heimild til orkunýtingar í því. Sú flokkun merkir það eitt að viðkomandi virkjanakosti má skoða til nýtingar en þeir eru alltaf háðir umhverfismati og í lögunum er sjónarmiðum umhverfis- og náttúruverndar gert hátt undir höfði á öllum stigum.

Í öðru lagi var ekki farið að tillögum faghópa við röðun. Tveir faghópar Rammaáætlunar af fjórum töldu virkjunina ekki uppfylla skilyrði um gæði gagna og tveir faghópar gáfu henni slæma einkunn bæði hvað varðar hagkvæmni og jákvæð áhrif á samfélag. Þrátt fyrir þetta féll virkjunin í nýtingaflokk og var samþykkt sem slík í þingsályktun.

Í þriðja lagi virðist Alþingi ekki hafa farið að lögum þegar Hvalárvirkjun var sett í nýtingarflokk með samþykkt þingsályktunar þar um. Í lögum segir að gerð Rammaáætlunar byggist á faglegu mati á upplýsingum sem fyrir liggja, samræmdum viðmiðum og almennt viðurkenndum aðferðum og að vinna faghópa skuli lögð til grundvallar matinu. Hvalárvirkjun fór í virkjunarflokk þrátt fyrir að fyrir því væru ekki færð fagleg rök; í raun var gengið gegn faglegum rökum.

Lög standa ofar þingsályktun. Samþykkt þingsályktun um að setja Hvalárvirkjun í nýtingarflokk er augljóslega ekki samræmi við ákvæði laga. Má því segja að áformin byggi á lögbroti.

Niðurstaða umhverfismats virt að vettugi

Við mat á umhverfisáhrifum Hvalárvirkjunar komu afar neikvæð áhrif fram og jákvæð áhrif á samfélag til lengri tíma voru metin lítil sem engin, sbr. meðfylgjandi mynd sem birtist í Morgunblaðinu. Hvorki sveitarfélag né virkjunaraðili virðast hafa tekið þessa niðurstöðu alvarlega. Sömu aðilar virtu ákvæði í náttúruverndarlögum að vettugi.

Meintur orkuskortur og orkuöryggi

Því er oft haldið fram að framundan sé orkuskortur og því sé þörf á Hvalárvirkjun. Getur það verið? Frá 2011 til 2018 jókst raforkuframleiðsla um tæplega 18% og íbúum um 12%. Stjórnvöld hafi alla möguleika á að koma í veg fyrir orkuskort til almennings. En það verður seint mögulegt að fullnægja þörf fyrir ódýra raforku til stórnotenda sem hafa skammtíma hagnað að leiðarljósi.

Landsnet hefur upplýst að rafmagnsleysi á Vestfjörðum á árinu hafi aðallega verið til komið vegna bilana vestan við Kollafjörð. Í núverandi áætlun er gert ráð fyrir að tengja Hvalárvirkjun við landsnetið í Kollafirði. Í því ljósi er erfitt að skilja hvernig umrædd framkvæmd á að bæta rafmagnsöryggi á Vestfjörðum svo verulega nemi. Í umræðu undanfarið hafa komið fram hugmyndir um fjölmargar hagkvæmari leiðir til að ná markmiði um orkuöryggi fyrir íbúa á Vestfjörðum.

Friðlýsing er raunhæfur valkostur

Friðlýsing Drangajökulsviðernis væri aðgerð til að bjarga náttúruverðmætum. Í nýlegri úttekt segir að slík friðlýsing sé til þess fallin að skapa ný atvinnutækifæri til langs tíma, í ferðapjónustu, opinberri þjónustu og í afleiddum greinum, og muni stuðla að eflingu byggðar á svæðinu. Þetta er mikilvægt Árneshreppi þar sem byggðin er afar brothætt. Tillögur um friðlýsingu njóta stuðnings margra íbúa og landeigenda á svæðinu, en einnig víðar í íslensku samfélagi.

Að framsögðu vætti að vera ljóst hvers vegna Landvernd hefur að undanfögnu lagt áherslu á baráttuna gegn Hvalárvirkjun.

Álit Skipulagsstofnunar á áhrifum Hvalárvirkjunar á ýmsa þætti

Vatnafar		Verulega neikvæð
Jarðmyndanir		Talsvert neikvæð
Vatnalíf		Nokkuð neikvæð (afla þarf frekari gagna)
Gróður		Óvíst (afla þarf frekari gagna)
Menningarminjar		Neikvæð (skortir upplýsingar)
Landslag		Verulega neikvæð
Ferðapjónusta og útivist		Talsvert til verulega neikvæð
Atvinna		Óveruleg
Tekjur sveitarfélags		Jákvæð

Álit Skipulagsstofnunar Hvalárvirkjun Árneshreppur mbl.is/Kristinn Garðarsson



Við erum öll hluti af náttúrunni

Orka náttúrunnar er leiðandi í umhverfissvænum orkuskiptum á Íslandi og nýsköpun í nýtingu auðlindastrauma.

Við höfum sett okkur metnaðarfull loftslagsmarkmið og viljum nýta auðlindir af ábyrgð og nærgætni til að bæta lífsgæði í nútíð og framtíð.

on.is/umhverfid/hvad-getum-vid-gert





@orkanatturunnar · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is



ORKA NÁTTÚRUNNAR

Getur þú hugsað þér daglegt líf án rafmagns?



Í tæknivæddu samfélagi nútímans er erfitt að hugsa sér daglegt líf án rafmagns, svo samofið er það öllu sem við tökum okkur fyrir hendur. RARIK rekur umfangsmesta rafdreifikerfi á Íslandi sem nær til 90% af sveitum landsins og til 43 þéttbýliskjarna. Lengd dreifikerfisins er 9.000 km og þar af eru 62% jarðstrengir.


Sauðfjárrækt og sjálfbær landnýting

Um fjórðungur styrkja ríkisins til sauðfjárbænda er háður því að þeir geti sýnt fram á að um sjálfbæra landnýtingu sé að ræða. Ef svo er ekki verða þeir að leggja fram marktæka landbótaáætlun sér til halds. Fram til þessa hefur enginn bóndi á Íslandi fallið á þessu prófi. Gott ef satt væri! En svo virðist því miður ekki vera tilfellið.

Nýlega skýrsla Ólafs Arnalds prófessors um styrkveitingar til sauðfjárræktar bendir til þess að ekki hafi verið farið að lögum við styrkveitingar til suðfjárræktar undanfarin ár. Svo virðist sem Landgræðslan hafi verið þvinguð til að staðfesta að landnotkun og landbótaáætlanir væru í samræmi við gildandi viðmið og reglur um sjálfbæra landnýtingu svo greiða mætti út styrki til bænda sem ekki standast nein eðlileg viðmið. Skýrslan byggir á haldgóðum upplýsingum með ítarlegum rökstuðningi, svo það er rík ástæða til að taka hana mjög alvarlega.

Skýrsla Ólafs sýnir sem betur fer að mikill meirihluta bænda uppfyllir öll skilyrði fyrir sjálfbærri landnýtingu og eiga þar með fullan rétt á þeim styrkjum sem því fylgja. Innan við fimmtungur sauðfjárbúskapar er ábyrgur fyrir ósjálfbærri landnýtingu. Niðurstaða skýrslunnar er engu að síður svartur blettur á sauðfjárrækt almennt.

Eyðing gróðurs og jarðvegs er enn ein helsta umhverfisplága Íslands. Það er mikilvægt að stjórnvöld fari í saumana á þessu máli og geri nauðsynlegar úrbætur til að bæta og vernda orðspor íslenskrar sauðfjárræktar.



Kolefnisjafnaðu eldsneytisviðskiptin með Olís

VIÐ GREIÐUM HELMING Á MÓTI ÞÉR



Lykil- og korthafar gefa eftir 2 krónur af afslætti og Olís leggur til 2 krónur á móti. Fjórar krónur af hverjum lítra renna því til Landgræðslunnar í fjölbreytt verkefni á sviði kolefnisbindingar - landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis.




Olís - í samstarfi við Landgræðsluna



Ingvi Þorsteinsson, náttúrufræðingur: Rýrnun landkosta mestu hamfarir sem yfir þjóðina hafa gengið

Telja má vist að sú gífurlega rýrnun landkosta sem gróður- og jarðvegseyðingin hefur valdið á liðlega 1100 árum Íslandsbyggðar sé án samjafnaðar mestu hamfarir sem yfir þjóðina hafa gengið, og þær hafa í aldanna rás valdið henni meiri hörmungum, rýrnun lífskjara og neyð en nokkur önnur áföll, segir Ingvi Þorsteinsson náttúrufræðingur í grein sem hann sendi á sínum tíma til Landverndar. Ingvi var einn af stofnendum Landverndar árið 1969. Greinin átti að fara í 40 ára afmælitími en ekki varð úr útgáfu.

Afleiðingar 1100 ára búsetu, kólnandi loftslag og náttúruhamfarir

Fátt eða ekkert gefur gleggri mynd af lífsskilyrðum lands en ósnortið, náttúrulegt gróðurfar þess, því að það endurspeglar alla þá vaxtarþætti sem hafa mótað það, loftslags, jarðveg osfrv. Útlendingar sem koma til Íslands í fyrsta sinn halda því gjarnan að landið sé á mörkum hins byggilega heims og draga þá ályktun af gróðurfarslega tötralegri ásýnd landsins. Væri þetta hið eðlilega gróðurfar landsins hefðu þeir á réttu að standa, en þannig er málum hins vegar ekki háttað. Núverandi gróðurfar endurspeglar ekki nema að litlu leyti gróðurskilyrði landsins heldur afleiðingar 1100 ára búsetu og samverkandi áhrif hennar, kólnandi loftslags og náttúruhamfara.

Engir grasbítar

Likum er að því leitt að við upphaf landnáms hafi um 75% landsins verið þakin gróskumiklum gróðri, eða allt yfirborð þess nema hæstu fjöll, efsti hluti hálendisins, jökulaurar og nýhraun og svo auðvitað jöklar, sem þá voru minni að flatarmáli, eða um 5% í stað 10-11% nú.

Vegna landfræðilegrar einangrunar Íslands voru hér engir stórir grasbítar fyrir landnám, og gróðurfar hafði því verið að þróast í nærfellt 10 aldir frá lokum síðasta ísaldarskeiðs án annarrar röskunar en þeirrar sem breytingar á loftslagi, eldgos og aðrar náttúruhamfarir ollu. Að öðru leyti var gróðurfarið ósnortið.

Eftir landnám seig á ógæfuhliðina

Sú staðreynd að gróður Íslands hafði þróast án grasbíta var hins vegar ekki alfarið af því góða heldur olli því að hann var viðkvæmur og illa fær um að standast það álag manna og búfjár sem landnámið hafði í för með sér. Við það bættist að öskublandinn jarðvegur eldfjallalandsins var þykkur, þurr, laus í sér og foggjarn og þurfti nauðsynlega á þeirri bindingu og vörn að halda sem þétt gróðurþekja veitir.

Við landnám gjörbreyttust aðstæður, og bráðlega eftir að það hófst fór að síga á ógæfuhliðina hvað gróðurfar, jarðveg og þar með landkosti snerti. Orsakanna var að leita í samverkandi áhrifum búsetunnar, kólnandi veðurfars, náttúruhamfara, einkum eldgosa og jökulhlaupa.

Skógi var eytt á þremur öldum

Trjá- og kjarrgróður hafði um aldir verið hlífiskjöldur lággróðurs og jarðvegs, en fljótlega eftir að landið tók að byggjast hófst eyðing hans með bruna, skógarhöggi, hrísrifi og búfjárbeit. Talið er að mikill hluti trjágróðursins hafi liðið undir lok á um það bil þremur öldum eftir að landnám hófst. (Hákon Bjarnason, 1942).

Í kjölfarið breyttist nærviðri og jarðvegsskilyrði í landinu mjög til hins verra, og loks stóð viðkvæmur lággróður og eldfjallajarðvegur landsins víða berskjaldaður gegn eyðingaröflunum – vatni, vindum og þyngdaraflinu (skriður). Skilyrðin fyrir jarðvegseyðingu höfðu skapast og hún lét ekki á sér standa – hæg í fyrstu, en síðan með sívaxandi hraða.

Eyðingin færðist mjög í aukana á 18. og 19. og allt fram á 20. öld. Hún er talin hafa verið örust á 19. öld, sérstaklega árin 1830-1836 og árin eftir 1881.

10% af núverandi gróðri landsins er í gróðurfarslegu jafnvægi

Afleiðing þessarar eyðingar er sú að gróður og jarðvegur þekur aðeins um 25- 30% af yfirborði landsins og innan við 10% af hálendinu ofan 300-400 m hæðar. Náttúrulegur skógur þekur nú um 1,1% landsins í stað 25-30% áður. Aðeins um 10% af núverandi gróðri landsins er í gróðurfarslegu jafnvægi við ríkjandi loftslag, og slíkur gróður er aðeins á svæðum sem hafa verið friðuð að mestu eða öllu leyti af náttúrunnar eða manna völdum fyrir beit og annarri nýtingu um mjög langt árabíl.

Ísland er mesta eyðimerkurland Evrópu

Eins og áður sagði einkennist gróður nær allra landa Evrópu af áhrifum búsetu sem hefur valdið því að gróðurfur, ástand lands og landslag hefur breyst mikið í aldanna rás.

Stórfelld jarðvegseyðing og eyðimerkurmyndun hefur hins vegar óvíða fylgt í kjölfarið í öðrum Evrópulöndum nema þar sem þurrkar herja, enda er jarðvegur þar annars eðlis og hefur meira mótstöðuáfl gegn eyðingaröflunum en eldgosajarðvegur Íslands. Jarðvegseyðing er hins vegar vaxandi vandamál í öllum heimsálfum og er nú talin ein mesta umhverfisógnum jarðar.

Ísland er mesta eyðimerkurland Evrópu, og þótt víðar væri leitað. Flestar eyðimerkur heims eru afleiðing þurrka, mikilla hita og uppgufunar vatns. Hér á landi er ekki um slíkt að ræða því að óvíða á landinu stendur úrkoma í vegi fyrir þróun og vexti gróðurs. Hér verður ekki reynt að meta til verðgildis allar þær milljónir tonna af frjósömum jarðvegi og næringarefnum sem í aldanna rás hafa fokið á haf út og skilið að baki næringarsnauðar auðnir.

**VIÐ ÓSKUM
LANDVERND
TIL HAMINGJU
MEÐ 50 ÁRA
AFMÆLIÐ**

**ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ**





Landvernd þekktustu umhverfisverndarsamtökin á Íslandi

Í könnun Gallup í janúar 2019 nefndu 28% aðspurðra Landvernd þegar þau voru spurð hvaða íslensku umhverfisverndarsamtökum þau myndu eftir. Þetta er mikil aukning frá síðustu könnunum þar sem rúm 20% nefndu Landvernd. Þau samtök sem komu næst oftast fyrir voru nefnd í 5,5% tilvika. Tæplega 60% nefndu engin samtök en í apríl 2012 var þetta hlutfall tæplega 70%. Landvernd eru því langþekktustu umhverfisverndarsamtök á Íslandi.

Þátttakendur voru einnig spurðir hversu vel þeir þekktu til Landverndar en þeim sem segjast þekkja vel eða frekar vel til starfsemi samtakanna hefur fjölgað nokkuð frá 2015. Þeir sem segjast þekkja til samtakanna eru mjög jákvæðir gagnvart þeim.

Jákvæðni í garð Landverndar er því mikil en hefur staðið í stað frá 2015 en þá hafði hún aukist mikið frá árinu 2012. Starf samtakanna og baráttumál verða því þekktari með hverju árinu og þykir yfirgnæfandi meirihluta aðspurðra starfið jákvætt. Við getum því ótrauð haldið áfram á sömu góðu braut og undanfarin ár með byr undir báða vængi.



Mynd. Hafþór Óðinsson.

Við óskum Landvernd til hamingju með 50 árin

AB Varahlutir	IAV
Actavis	Íslensk erfðagreining
Akrahreppur	Jakob Valgeir ehf
Akureyrarbær	Krílakot
Alark arkitektar	Laugardalslaug
Aldan stéttarfélag	Leikskólinn Araklettur
Apótek Vesturlands	Leikskólinn Ásgarður
Árborg	Leikskólinn Eyrarskjól
Árskóli	Leikskólinn í Stykkishólmi
Bakameistarinn í Suðurverri	Leikskólinn Leikskálar
Bakkaföt River Rafting	Leikskólinn Lækjarbrekka
Báran stéttarfélag	Leikskólinn Tjarnarbrekka
Bláa Lónið	Norðurorka hf
Blái Herinn	Orkubú Vestfjarðar
Bændasamtök Íslands	Pipar -TBWA
Efla verkfræðistofa	Reykholaskóli
Efling stéttarfélag	Silva gisting
Eining lðja	Skógræktarfélag Íslands
Ferðaþjónusta bænda Stóru Mörk	Sorpa
Ferðaþjónusta bænda Syðri Haga	SSF
Ferðaþjónustan Ásbrandsstöðum	Starfsgreinasamband Íslands
Ferðaþjónustan Narfastaðir	Stéttarfélagið Samstaða
Fljótsdalshérað	Sundhöll Reykjavíkur
Garðabær	Súðavíkurhreppur
Gildi lífeyrissjóður	Sveitafélagið Hornafjörður
Gisihúsið hjá Marlin	Sveitafélagið Ölfus
Glæðir blómaáburður	Sölufélag garðyrkjemanna
Góa Linda sælgætisgerð	Terra
Gróðrastöðin Réttarhóll	Verk Verkalýðsfélag
Gunnarsstofnun	Verkalýðsfélag Akraness
Háskólinn á Akureyri	Verkalýðsfélag Hlíf
Háskólinn í Reykjavík	Verkalýðsfélag Snæfellinga
Hótel Dyrhólaey	Verkalýðsfélag Suðurlands
Hótel Leifs Eiríkssonar	Vísir félag skipstjórnarmanna
Hótel Lotus	VM Félag vélstjóra og málmæknimanna
Hótel Natur	
Hótel Northen Light	
Húnavatnshreppur	



LANDVERND
1969 | 2019 | 50 ÁRA



Landsvirkjun

Það er kraftur í þér

Gagnvirk orkusýning Landsvirkjunar í Ljósafossstöð útskýrir orkuna sem býr í öllum hlutum á skemmtilegan og fræðandi hátt.

Sýningin er opin alla daga frá kl. 10–17.

Verið velkomin.

Ljósafossstöð er í um 45 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík. Nánari upplýsingar má finna á www.landsvirkjun.is/heimsoknir.